



ÁHUGAFÓLK UM SKÓLASTARF

Leikskólinn Álfaborg og grunnskólinn Valsárskóli óska eftir einum fulltrúa úr grenndar-samfélaginu í sameinað skólaráð til tveggja ára. Á skólaárinu 2020-2021 verða tveir fundir, sá fyrri miðvikudaginn 14. október kl. 14:15 og sá seinni miðvikudaginn 24. mars. Í skólaráði sitja skólastjórar, fulltrúar kennara, starfsfólks, nemenda og foreldra. Við óskum eftir áhugasömum aðila sem ekki telst til ofangreindra hópa. Áhugasamir vinsamlega hafið sambandi við skólastjóra.

Margrét Jensína maggajensa@svabardsstrond.is

María Aðalsteinsdóttir maria@svabardsstrond.is

ÚTSKRIFTARFERÐ 9.- 10. BEKKJAR 2020

Vegna Covid ferðuðumst við í 9. og 10. bekk innanlands í sumar dagana 10.-15. júlí í staðinn fyrir að fara í skólaferðalag til Danmerkur eins og við ætluðum. Hér fer á eftir stutt frásögn af þessu skemmtilega ferðalagi.

Við byrjuðum á að fara í fljótasiglingu í Skagafirði og vorum þar í nokkra klukkutíma. Síðan fengum við okkur hamborgara og lögðum aftur af stað til Reykjavíkur. Þegar við komum þangað fórum við upp á Hótel Sögu og skráðum okkur inn, fengum okkur að borða og svo fóru bara allir að sofa. Eftir morgunmat fórum við í Adrenalíngarðinn á Nesjavöllum og vorum þar alveg til hádegis. Síðan fórum við á hestbak í u.þ.b. tvo klukkutíma. Þá vildu allir fara í sund svo við gerðum það. Að morgni þriðja dags fórum við til Vestmannaeyja. Þar byrjuðum við á að heimsækja Eldheimasafnið. Svo fórum í ribbátaferð um eyjarnar og fengum fræðslu. Eftir ferðina fórum við í sund og fengum okkur svo

að borða. Næsti dagur var mjög rólegur. Við notuðum næstum allan daginn í að versla í Smáralindinni, fórum svo í „Fly over Iceland” sem er sýndarveruleikaferð og enduðum síðan á Escape room. Fimmti dagurinn fór ekki alveg eins og við höfðum ætlað. Við höfðum stefnt á að fara í Skemmtigarðinn og svo í Nauthólsvík en þegar við vorum búin í Skemmtigarðinum var hringt í okkur og við spurð hvort við gætum komið degi fyrr en við ætluðum í þyrluflugið, þannig að við hættum við að fara í Nauthólsvík og fórum frekar í þyrluflugið sem olli sumum smá vonbrigðum þar sem ferðin var frekar stutt og stóð kannski ekki alveg undir væntingum allra. Svo var komið að lokadeginum okkar. Við byrjuðum á að fara aftur í Smáralindina en eyddum ekki miklum tíma þar. Því næst fórum við í trampolíngarðinn Rush, síðan í sund og að lokum lögðum svo að stað heim, örþreytt og útslitin eftir þessa æðislegu ferð.

Þetta var engin Danmerkurferð en við erum samt þakklát fyrir að hafa fengið að fara í útskriftarferð. Við viljum nota tækifærið og þakka öllum sem hjálpuðu okkur, studdu og styrktu, bæði foreldrum og öllum öðrum. Síðan viljum við líka þakka Bryndísi og Brynjólfi fyrir að hafa komið með okkur og þolað okkur alla þessa ferð.

Arnrún Ólöf Brynjólfsdóttir, 10. bekk

Valsárskóla

NÆSTU RUSLADAGAR

17. september - Almenn/lífrænt sorp

1. október - Endurvinnsla og almenn/lífrænt sorp

15. október - Almenn/lífrænt sorp

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 15. október.

Skilafrestur á efni er til kl. 15:00 þriðjudaginn 13. október.

Sendist á sandra.einars@gmail.com.